

14. Frumvarp

til laga um blöndun ilmvatna o. fl. með Kolokvintextrakt.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Ilmvötn og hreinlætisvörur (Kosmetica), hverju nafni sem nefnast, sem innihalda meira en $2\frac{1}{4}$ % af vinanda að rúmmáli og notaðar eru í hár eða á hörund, svo sem Eau de Quinine, glycerinspiritús og þess háttar, skulu blönduð Kolokvintextrakt, svo að óhæf sjeu til drykkjar. Ef vörurnar eru fluttar inn í landið frá útlöndum, verður blöndunin að hafa farið fram áður en inn-

flutningurinn hefir átt sjer stað. Við tilbúning innanlands má að eins nota spiritus, sem blandaður er á sama hátt í áfengisverslun ríkisins. Blöndunin skal vera þannig, að tilbúnar vörur innihaldi 0.5 gr. Kolokvintextrakt í hverjum liter, en spiritus sá, sem notaður er við tilbúning þeirra vara, innihaldi 0.9 gr. í liter.

2. gr.

Vörur þær, sem nefndar eru í 1. gr., hvort heldur þær eru fluttar inn í landið eða búnar til í því, má því að eins selja eða hafa á sölustöðum, að á hvert glas sje limdur miði með þessum orðum: »Blandað Kolokvintextrakt. Hættulegt til drykkjar«.

Allir þeir, er versla með vörur þessar, meðan ríkisstjórnin hefir ekki tekið í sínar hendur söluna, bera ábyrgð á að rjett sjeu blandaðar. Fyrirskipaðir miðar fást á skrifstofu áfengisverslunar ríkisins.

3. gr.

Birgðir þær, sem fyrirliggjandi eru af vörum þeim, sem taldar eru upp í 1. gr., þá er lög þessi ganga í gildi, má þó selja eins og hingað til hefur átt sjer stað til 1. janúar 1925.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—1000 kr., sem renni í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 1. gr.

Það hefir komið í ljós, að menn hafa notað vörur þær, er frumvarp þetta fjallar um, til drykkjar. Er frumvarp þetta framkomið til þess að koma í veg fyrir slíka notkun.

Við 2. gr.

Þegar Kolokvintextrakt hefir verið blandað í vörurnar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, er hættulegt fyrir heilbrigði manna að nota þær til drykkjar. Er því nauðsynlegt að vekja athygli manna á þessu, og þykir auðveldast með því móti að líma miða á hvert glas með áletran.

Það er ætlast til þess að áfengisverslun ríkisins sjái um tilbúning miðanna, og geta það ekki verið nein tilfinnanleg óþægindi fyrir seljendur, þótt þeim sje lögð sú skylda á herðar að útvega sjer þessa miða og líma þá á glösin.

Við 3. gr.

Þeim mönnum, sem þegar eiga eitthvað af vörum þeim, sem frumvarp þetta ræðir um, verður ekki gert að skyldu að láta blanda þær eins og gert er hjer ráð fyrir, ef seldar eru fyrir 1. janúar 1925.

Við 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki athugasemda.